

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

*Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.*

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

---

*Ingólfur Jónsson.*

## BRÉF

handhafa valds forseta Íslands um þingrof, almennar kosningar til Alþingis og þinglausnir.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,  
*gjöra kunnugt:*

Þar eð Alþingi, er nú situr, 87. löggjafarþing, hefur samþykkt frumvarp til stjórnskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33, 17. júní 1944, þar samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi nú þegar og stofna til almennra kosninga að nýju.

Samkvæmt þessu er Alþingi hér með rofið frá og með 11. júní 1967. Jafnframt er ákveðið, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram nefndan dag, sunnudaginn 11. júní 1967.

Alþingi, er nú situr, mun væntanlega ljúka störfum 19. þ. m. Veitum vér hér með forseta Hæstaréttar, Gizuri Bergsteinssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 87. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

*Gjört í Reykjavík, 19. apríl 1967.*

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*